



Reykjavík, 30. júlí 2019  
VEL2019060045  
RÁ/kg

**Forsætisnefnd  
Ráðhúsi Reykjavíkur**

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um afgreiðslu á tillögu ungmennaráðs Kjalarness um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16-18 ára nemendur í framhaldsskólum – R18020251.***

Í erindi forsætisnefndar dags 14. júní 2019 kemur fram:

*„Borgarfulltrúa Flokks fólksins fýsir að vita nánar um hvenær og hvort fulltrúa borgarinnar á Velferðarvaktinni hafi nú þegar verið falið að koma þessari tillögu inn á borð Vaktarinnar til að hún verði rædd. Málið er brýnt og vill borgarfulltrúi Flokks fólksins sjá þessi mál komin í viðunandi farveg hjá ríkinu áður en skólar byrja í haust. Hér er um sanngirnismál að ræða eins og borgin og ríkisstjórnin vita. Börn eru börn til 18 ára aldur og ekki er verjandi að mismuna þeim með þessum hætti milli skólastiga.“*

**Svar:**

Á fundi velferðarráðs þann 25. september 2018 var lögð fram umsögn velferðarsviðs um tillögu Regínu Grétu Pálsdóttur um gjaldfrjáls námsgögn reykvískra 16-18 ára nemenda í framhaldsskólum. Í umsögninni kom m.a. fram að rekstur framhaldsskóla er á ábyrgð ríkisins og því þykir rétt að sú ákvörðun að gera námsgögn og ritföng gjaldfrjáls fyrir 16 -18 ára nemendur í framhaldsskólum liggi hjá ríkinu. Færa megi rök fyrir því að gjaldfrjáls námsgögn og ritföng til allra barna, þar til sjálfræði er náð, stuðli að auknum jöfnuði.

Strax daginn eftir, eða með tölvupósti, dags. 26. september 2018, var bókun velferðarráðs um tillögu Regínu Grétu Pálsdóttur, frá ungmennaráði Kjalarness, um gjaldfrjáls námsgögn reykvískra 16-18 ára nemenda í framhaldsskólum send formanni velferðarvaktarinnar ásamt bókun og greinargerð.

Velferðarvaktin mun taka erindið til umfjöllunar á fundi sínum þann 3. september 2019 og hefur m.a. verið óskað eftir að fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins mæti á fundinn.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,  
sviðsstjóri